

Peningamál í hnotskurn



Innrás Rússa í Úkraínu hefur leitt til hækkunar á verði orkugjafa og annarrar hrá- og matvöru. Hætt er við að átökin og hertar sóttvarnaraðgerðir í Kína valdi því einnig að lengur taki að vinda ofan af þeim framleiðsluhnökrum sem hrjáð hafa heimsbúskapinn undanfarin tvö ár. Efnahagshorfur í helstu viðskiptalöndum, sérstaklega í Evrópu, hafa því versnað nokkuð frá spá bankans í *Peningamálum* í febrúar. Verðbólga hefur jafnframt aukist mikið um allan heim og ekki mælst meiri í áratugi. Stríðsátökin leiða einnig til þess að alþjóðlegar verðbólguhorfur versna verulega.



Þótt mikil hækkun verðs sjávar- og álafurða vegi á móti neikvæðum viðskiptakjaraáhrifum hækkunar olíu- og hrávöruverðs, hafa efnahagshorfur hér á landi versnað frá því í febrúar. Lakari hagvaxtarhorfur í helstu viðskiptalöndum valda því að spáð er minni vexti útflutnings auk þess sem meiri óvissa og hækkun aðfangaverðs og framfærslukostnaðar hægja á vexti einkaneyslu og fjárfestingar. Á móti koma m.a. vísbendingar um nokkurn þrótt umsvifa það sem af er ári. Spáð er að hagvöxtur í ár verði 4,6% í stað 4,8% í febrúarspá bankans. Líkt og þá er talið að þjóðarþúið starfi nú við full afköst og takmörkuð afkastageta mun líklega hægja á hagvexti er líða tekur á spátímann.



Störfum heldur áfram að fjölga hratt og eru orðin fleiri en þau voru fyrir farsóttina. Lausum störfum hefur einnig fjölgað mikið. Æ fleiri fyrirtæki segjast skorta starfsfólk og erlendu vinnuafli fjölga hratt. Atvinnuleysi hefur minnkað hraðar en gert var ráð fyrir í febrúar og er talið vera minna en áætlað er að samræmist jafnvægi á vinnumarkaði.



Verðbólga mældist 7,2% í apríl og hefur ekki mælst meiri síðan árið 2010. Sem fyrr vegur hækkun húsnæðisverðs þungt en því til viðbótar koma áhrif mikilla hækkana alþjóðlegs olíu- og hrávöruverðs. Þá gætir einnig áhrifa töluverðs innlands verðbólguþrýstings sem m.a. birtist í miklum hækkunum launa. Undirliggjandi verðbólga hefur því aukist hratt og mældist 5,3% í apríl. Verðbólguvæntingar hafa jafnframt haldið áfram að hækka. Talið er að verðbólga haldi áfram að aukast og verði að meðaltali 8,1% á þriðja fjórðungi ársins sem er 2,8 prósentum meiri verðbólga en spáð var í febrúar. Ekki er talið að verðbólga verði komin undir 3% fyrr en seint árið 2024. Lakari verðbólguhorfur má að mestu rekja til áhrifa stríðsátakanna í Úkraínu auk þess sem hækkun langtímaverðbólguvæntinga undanfarið hægir á hjöðnun hennar er frá líður.



Óvissa í efnahagsmálum hefur aukist mikið í kjölfar innrásarinnar í Úkraínu. Átökin hafa valdið miklu umróti á alþjóðlegum hrávörumörkuðum og sett viðskiptasambönd og aðfangakeðjur í uppnám. Erfitt er að sjá fyrir hve djúpstæð og langvinn þau áhrif verða. Hið sama á við um áhrif átakanna á alþjóðlega fjármálamarkaði og útgjalda- og fjárfestingarákvarðanir heimila og fyrirtækja. Við bætist óvissa um áhrif hertra sóttvarnaraðgerða í Kína á mikilvægar aðfangakeðjur. Í ljósi hækkunar langtímaverðbólguvæntinga undanfarið er aukin hættu á því að verðbólguhorfur í spá bankans séu of bjartsýnar. Þá gætu miklar launahækkningar í kjarasamningum næsta vetur aukið hættuna á víxlverkun launa og verðlags sem gæti valdið því að mikil verðbólga festist enn frekar í sessi.

Greiningin í þessum *Peningamálum* byggist á gögnum sem lágu fyrir í lok apríl.